

HAFBEIT

RÁÐSTEFNA Í REYKJAVÍK

7.-9. apríl 1988

seinna hefti

Umsjón með útgáfu:
Valdimar Gunnarsson

Umsjón með ráðstefnu:
Valdimar Gunnarsson
Vigfús Jóhannsson
Sigurður Már Einarsson

Fjölritun:
Stensill h/f

Forsíðumynd:
Laxeldisstöð ríkisins í Kollafirði

Útgefandi:
Veidimálastofnun
Pósthólf 5252
Hverfisgötu 116
105 Reykjavík
Sími 91-621811



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Fiskrækt og fiskeldi • Rannsóknir og ráðgjöf.

SKILYRÐI TIL HAFBEITAR - STAÐARVAL

Valdimar Gunnarsson,
Sigurður Guðjónsson
og
Guðni Guðbergsson
Veiðimálastofnun

EFNISYFIRLIT

0 Inngangur.

- 0 Íslensk vatnakerfi og laxveiðiár.
 - 2.1 Helstu einkenni laxveiðiaáa.
 - 2.2 Strandvötn.

- 0 Val á sleppistað út frá landfræðilegum skilyrðum.
 - 3.1 Fjarlægð frá opnu hafi - Afræningar.
 - 3.2 Fjarlægð á milli sleppistaða.
 - 3.3 Aðýpi og straumar.
 - 3.4 Netaveiði í sjó.
 - 3.5 Aðstaða til sleppinga og móttöku á laxi.
 - 3.5.1 Ár - Magn og gæði ferskvatns.
 - 3.5.2 Strandvötn.
 - 3.5.3 Firðir.

- 0 Sjávarskilyrði við Ísland.
 - 4.1 Straumar og sjávarhiti.
 - 4.2 Fæðuframboð.

0 Laxveiði og sveiflur í veiði.

- 0 Árangur hafbeitar
 - 6.1 Vesturland.
 - 6.2 Vestfirðir.
 - 6.3 Norðurland.
 - 6.4 Austurland.
 - 6.5 Suðurland.

- 0 Niðurstöður.
 - 7.1 Vesturland.
 - 7.2 Vestfirðir.
 - 7.3 Norðurland.
 - 7.4 Austurland.
 - 7.5 Suðurland.
 - 7.6 Kjör-sleppistaður.

INNGANGUR.

Mjög mismunandi árangur hefur náðst í endurheimtum á la hjá hafbeitarstöðvum hér á landi. Í mörgum tilvikum má rek litlar endurheimtur til lélegra landfræðilegra skilyrða og/e sjávarskilyrða. Dæmi eru um að hafbeitarstöðvar hafi hæ rekstri vegna lélegra endurheimta. Því ber að vanda val sleppistað eins og frekast er kostur. Taka skal tillit til all þeirra þátta sem takmarkandi geta verið fyrir hafbeitina, þ engin keðja er sterkari en veikasti hlekkurinn.

Hér verður eingöngu fjallað um val á hafbeitaraðstöðu þ sem miðað er við að veiða og selja laxinn sem matfisk. Ekkert fjallað um sleppingar á gönguseiðum þar sem markmiðið er að au stangveiði.

Áður hafa skrifað greinar um aðstöðu til hafbeitar þeir Ársaksson (1979, 1981a, 1982a, 1985, 1986, 1987a, b) og Björn Jóhannsson (1982a, 1983, 1987).

Við val á hafbeitaraðstöðu skal taka tillit til landfræðilegra skilyrða og skilyrða í sjónum og skulu eftirfarandi þættir kannaðir:

Landfræðileg skilyrði

Fjarlægð frá opnu hafi
Afræningjar
Fjarlægð á milli hafbeitastöðva
Aðdýpi og straumar
Veiði í sjó
Aðstaða til sleppinga og móttöku
- Ár (ferskvatnsmagn og hitastig)
- Strandvötn
- Firðir

Sjávarskilyrði

Hafstraumar
Sjávarhiti
Fæðuframboð

2.0 ÍSLENSKT VATNAKERFI OG LAXVEIÐI.

2.1 HELSTU EINKENNI LAXVEIÐIÁA.

Á Íslandi er mikill fjöldi straumvatna, en þó er lax ekki nema fáum þeirra. Sérstök skilyrði þurfa að vera í hverri á s hún geti fósrað lax og er hitastig árinna, fæðuframboð botnagerð mikilvægustu þættirnir.

Í hafbeit fer uppeldi seiða fram í eldisstöðvum. Að vori e seiðin sett út á sleppistað og er því mikilvægt að þar

vatnshiti nægilega mikill að vori til að seiði gangi eðlilega til sjávar.

Það er því fyrst og fremst hitafar áa eða lækja sem er mikilvægt þar sem stunda skal hafbeit. Hitafar ræðst fyrst og fremst af viðstöðutíma vatnsins á leið þess í gegnum vatnasviðið. Eftir því sem viðstöðutími vatnsins ofanjarðar er lengri nær vatnið að hitna meira á sumrin. Stöðuvötn í vatnakerfum hafa því mjög jákvæð áhrif á hita vatnsins, einkum grunn vötn á láglendi og einnig sú vegalengd sem áin rennur á láglendi. Á Íslandi eru laxveiðiár yfirleitt langar eða koma úr vötnum.

Sem þumalfingurreglu hefur verið miðað við að hitastig ár þurfi að ná 10°C áður en laxaseiði byrja að ganga úr henni. Í nokkrum tilvikum hefjast göngur laxaseiða við 7°C , en seiðin byrja ekki að ganga úr ánni í neinum mæli fyrr en hitastig árinna fer yfir 10°C (Bakshtansky og fl. 1976, Ruggles 1980). Af þessu má ráða að mikilvægt sé í hafbeit að hitastig vatns á sleppistað nái 10°C á réttum tíma að vori.

Ár í ákveðnum landshlutum eru almennt of kaldar til að hægt sé að nýta þær til sleppinga á gönguseiðum. Þessar ár eru laxlausar og kaldar. Þetta á einkum við um ár á Vestfjörðum, Tröllaskaga og Austfjörðum. Á þessum svæðum eru ár almennt stuttar, brattar og kaldar lengi fram eftir sumri. Þetta er þó ekki algilt eins og lengri ár og ár sem koma úr vötnum á þessum svæðum vitna um. Einnig er hægt að lagfæra minni ár svo að þær nýtist til hafbeitar, til dæmis með því að mynda vötn og með beinni hitun að vori, en af slíku er að sjálfsöögðu nokkur kostnaður.

2.2 STRANDVÖTN.

Strandvötn eru stöðuvötn þar sem seltuáhrifa gætir. Strandvötn eru víða hér á landi (Arnpór Garðarsson 1980). Á nokkrum stöðum eru þessi vötn lagskipt, ofaná er ferskvatn og sjór undir.

Í lagskiptum strandvötnum er þunnt lag af ferskvatni eða ferskvatnsblönduðum sjó sem flýtur ofan á saltara djúplagi, sem jaldan endurnýjast, því að það hefur takmarkaðan samgang við afið úti fyrir. Í neðra laginu verður mikil hitaaukning og tafar hún af eins konar gróðurhúsaáhrifum. Sólarorkan sem

berst ferskvatnslaginu breytist í varmaorku og fer að stórn hluta til uppgufunar og að einhverju leyti til að hita loft yfir vatninu en að litlu leyti til að hita upp vatnið í þess efra lagi, sem svo flyst til sjávar á tiltölulega skömmum tíma. hinn bóginn endurnýjast salta lagið, sem undir er, mjög treglega og hin skörpu skil milli laganna koma að heita má í veg fyrir lóðréttu blöndun. Sá hluti sólarorkunnar sem kemst niður í neðra lagið breytist einnig í varmaorku, og þar eð hún kemst ekki buður laginu nýtist hún öll til upphitunar á vatninu.

3.0 VAL Á SLEPPISTAD ÚT FRÁ LANDFRÆÐILEGUM SKILYRÐUM.

3.1 FJARLÆGD FRÁ OPNU HAFI - AFRÆNINGAR.

Fjöldi tilrauna sýnir að sleppingar ofarlega í ám skilnað lögri endurheimtum en sleppingar neðarlega (Peterson 1973; Hansson og Lea 1982). Sleppingar í fjörðum og á opnu hafi hafa einnig skilað betri heildarendurheimtum en slepping í ár (Carlin 1955; Eriksson og fl., 1981; Hansen 1987). Með heildarendurheimtum átt við veiði í sjó, ósi og í ánni. Lægri endurheimtur þegar sleppt er ofarlega í ám stafa af mun meira afráni og afföllum en við sleppingar neðarlega í ám (Larsson 1985). Hærri endurheimtur í sjávarsleppingum en í sleppingum í ár eru einnig taldar stafrætt af meira afráni á seiðum sem sleppt er í ár (Hvidsten og Mökkelgjerd 1987). Því má álykta að eftir því sem seiðin er fljótari út á opið haf þeim mun minni afföll verða af völdu afræningja. Samkvæmt erlendum rannsóknum eru helstu afræningjar gönguseiða þorskur, ufsi, máfar, fiskiendur, skarfar og selir. Hjá stærri laxi eru selir og jafnvel hvalir helstu afræningjar (Valdimar Gunnarsson 1985). Hér á landi hefur afrán á laxaseiðu lítið verið rannsakað. Hjá Vogalaxi h/f hefur töluvert borið því að selir hafi skaðað laxinn, einnig hefur komið í ljós að selurinn étur nokkuð af seiðum (Sveinbjörn Oddsson, munnl. uppl.).

Mest er um landsel hér við land í innanverðum Faxaflóa Breiðafirði og Húnaflóa og í Strandasýslu og á Suðurlandi (Erlingur Hauksson 1986). Útbreiðsla útsela er mest í innanverðum Breiðafirði (Erlingur Hauksson 1985). Í innanverðum Breiðafirði virðist því vera mest um seli hér við land. Lítið er um sel á Reykjanesi, en þrátt fyrir það hefur selur verið vissu vandamálið hjá hafbeitarstöðvum þar. Má því ætla að selir geti valdið

verulegu tjóni þar sem mikið er af þeim.

Við val á hafbeitaraðstöðu er því vissara að forðast svæði þar sem vitað er um mikið af sel.

Val á hafbeitaraðstöðu utarlega í fjörðum eða á nesjum eins og til dæmis á Reykjanesi og Snæfellsnesi ættu því að vera bestu kostirnir.

3.2 FJARLÆGD Á MILLI SLEPPISTADA.

Engar reglur eru til um fjarlægðamörk milli hafbeitarstöðva. Nauðsynleg fjarlægð milli hafbeitarstöðva ræðst sennilega af mörgum þáttum eins og t.d aðferðum við sleppingar og móttöku á laxi og gönguleiðum laxins. Í fjörðum þar sem laxinn gengur með ströndinni geta þær stöðvar sem eru yst tekið lax sem er á leiðinni inn fjörðinn. Hætta á að veiða lax sem er á leið inn fjörð er sérstaklega fyrir hendi þar sem lax er veiddur í ósi eða í sjónum fyrir utan (Rosseland 1965; Hansen 1980). Sleppistaðurinn hefur einnig mikið að segja, t.d. eru meiri villur við sleppingar í ósa eða sjó miðað við sleppingu í sjálfa ána (Eriksson og fl. 1981; Hansen 1987; Hansen og fl. 1987).

Flestar hafbeitarstöðvar hér á landi sleppa nú seiðum mjög nærri sjó, jafnvel með seltuaðlögun. Nýjar rannsóknir (Árni Ísaksson og Sumarliði Óskarsson 1986) benda til þess að ratvísi í þessar stöðvar sé allgóð. Þannig villtust seiði, sem ættuð voru úr hafbeitarstöðinni í Kollafirði, tiltölulega lítið í þá stöð þegar þeim var sleppt í hafbeitarstöðinni í Vogum, sem þó er aðeins í 40 kílómetra fjarlægð. Villa var að vísu nokkuð meiri fyrstu árin meðan lítið var gert af því að veiða laxinn jafnóðum er hann kom til baka. Eftir að veiðar urðu hnitmiðaðri hefur villa minnkað verulega.

Þannig má telja að vegalengd milli hafbeitarstöðva fari nokkuð eftir staðháttum og framkvæmd hafbeitar og verður að meta það í hverju tilviki.

3.3 ADDÝPI OG STRAUMAR.

Dýpi sjávar fyrir framan sleppistaðinn virðist vera mikilvægt. Í tilraunum með sams konar gönguseiði bæði í Lárósi og í Kollafirði voru oft hærri heimtur úr sleppingunni í Lárósi þó að seiðin væru alin í Kollafirði (Árni Ísaksson 1982b, 1984; Árni

Ísaksson og Sumarliði Óskarsson 1986). Lægri endurheimtur í Kollafirði eru taldar geta stafað af því að gönguseiðin geta þar aðeins farið út á flóði, og einnig því að fjörðurinn er mjög grunnur. Í Lárósi er mun meira aðdýpi og komast seiðin því mun fljótar út á haf og eru því minni líkur á afráni þar.

Straumar og straummyndun í nágrenni sleppistaðarins hafa mikil áhrif á hegðun laxa og gönguseiða. Gönguseiðin notfæra sér strauminn við ströndina til að hjálpa sér að fjarlægjast landið (Fried og fl., 1978; Larsson og Ateshkar 1979). Á svæðum með óreglulega straummyndun, eins og t.d. í þröngum sundum, hægja gönguseiðin á sér og byrja að leita upp og niður í vatnsmassanum (Holm og fl., 1982, 1984). Slík hegðun á sér einnig stað hjá fullorðnum kynproska laxi þegar hann kemur á svæði með óreglulegri straummyndun í fjörðum og í næsta nágrenni árinna. Laxinn syndir eftir lögum í sjónum, þar sem hann velur sér eitt ákveðið lag sem hann fylgir. Óregluleg straummyndun brýtur niður þessi lög sem gerir að verkum að laxinn byrjar að leita upp og niður eftir nýju lagi (Waatevik 1980; Westerberg 1979, 1982; Döving og fl., 1985). Staðsetning hafbeitar á svæðum þar sem mikið er um óreglulega strauma getur hugsanlega seinkað göngu seiða og fullorðins kynproska lax, þannig að fiskinum er í lengri tíma hætta búin af afræningum.

Við ákvörðun á staðsetningu hafbeitarstöðvar er mikilvægt að velja staði þar sem aðdjúpt er og hagstæðir straumar sem flytja seiðin sem fyrst út á opið haf.

3.4 NETAVEIÐI Í SJÓ.

Sjávarveiði á laxi hefur verið bönnuð með lögum hér á landi frá árinu 1933. Þetta er ein meginforsenda þess að hægt er að stunda hér hafbeitarrekstur og er Ísland eina landið við Norður-Atlantshaf þar sem laxveiði í sjó er bönnuð. Flestar aðrar þjóðir búa við óhóflega sjávarveiði á laxi. Þrátt fyrir bann við laxveiðum í sjó hér við land eru nokkrar undantekningar á stöðum þar sem sjávarveiði var skráð í fasteignamati sem hlunnindi áður en lög um bann við allri sjávarveiði voru sett. Í Borgarfirði er lax veiddur í sjó á þremur stöðum og á tveimur stöðum í norðanverðum Hvalfirði sunnan Akrafjalls. Einnig er mikið um netaveiði á laxi á ósasvæðum Hvítár í Borgarfirði og í Ölfusá-Hvítá (Guðni

Guðbergsson, 1988a).

Einnig má benda á að silungslagnir eru í sjó á mörgum lögbýlum hér við land og þarf því að taka tillit til þeirra við val á stað til hafbeitar.

3.5 ADSTADA TIL SLEPPINGAR OG MÓTTÖKU Á LAXI.

3.5.1 ÁR - MAGN OG GÆÐI FERSKVATNS.

Í viðauka 1 eru nöfn helstu laxveiðiáa á Íslandi þar sem stangveiði er stunduð. Þessar ár eru mjög misjafnar að gæðum og er mest framleiðsla í lengstu ánum og þeim ám sem koma úr stöðuvötnum. Aðrar ár sem ekki eru nefndar eru yfirleitt of kaldar til að lax þrífist í þeim. Til að þessar ár geti nýst í hafbeit þarf að lengja viðstöðutíma vatnsins annað hvort með því að búa til stöðuvötn eða lengja farvegi árinna. Nokkrar ár finnast einnig þar sem hitastig og efnainnihald árinna er nægilegt til að lax þrífist, en botn er of fíngerður til að laxaseiði þrífist þar og ættu því þessar ár að vera tilvaldar til hafbeitar.

Þó að ár uppfylli öll skilyrði til að vera góðar laxveiðiár, er ekki víst að þær henti í öllum tilvikum vel fyrir hafbeit. Má í því sambandi nefna, að margar laxveiðiár er erfitt og dýrt að beisla vegna stærðar þeirra. Laxveiðiár eru einnig oft innarlega í fjörðum og er það sennilega ókostur eins og áður er getið. Einnig má nefna að náttúruleg seiði taka mun fyrr til sín fæðu í sjó, hafa meiri sundhæfileika og varast betur afræningja en eldisseiði (samantekt Valdimar Gunnarsson 1985). Meiri gæði náttúrulegra seiða koma meðal annars fram í mun hærri endurheimtum (Árni Ísaksson og fl., 1978; Stabell 1984). Þó að aðstæður séu viðunandi fyrir náttúruleg seiði er ekki víst að svo sé fyrir eldisseiði vegna þess að þau eru vanbúnari til að mæta hættum sjávarins.

Hitastig vatnsins er mjög mikilvægt, sérstaklega á stöðum þar sem laxinn þarf að synda upp á móti beljandi vatnsstreymi. Lax á í erfiðleikum með að komast yfir hindranir þegar hitastig er um og undir 5°C (Pyefinch 1955; Banks 1969). Ef notað er lindarvatn er æskilegt að geta blandað það með sjó eða heitu ferskvatni til að hækka hitastig vatnsins. Hitastig hefur einnig

mikil áhrif á gönguseiðamyndun og þarf því vatnið að ná 10°C fyrir júnílok (Ruggles 1980).

Hafbeitarstöðvar hér á landi hafa oft verið reistar við litlar ár. Reynslan í Laxeldisstöð ríkisins í Kollafirði hefur sýnt, að hægt er að stunda hafbeit án mikils vatnsmagns. Eiginleikar vatnsins virðast skipta meira máli en magnið. Þannig getur lax gengið greiðar í 300 sekúndulíttra læk sem er í vexti eftir stórrigningu heldur en í mun stærri læk í þurrkatið (Árni Ísaksson 1987a). Aftur á móti er sá ókostur við að nota mjög litlar ár til hafbeitar að laxinn gengur mjög treglega upp í þær í þurrkasumrum og getur laxinn verið í lengri tíma í sjónum fyrir utan ána án þess að ganga upp eins og reyndin hefur verið í Laxeldisstöð ríkisins í Kollafirði. Það virðist einnig skipta miklu máli að laxaseiði séu í vatninu sem lax á að ganga í. Seiðin þurfa að geta tryggt nægilega "laxalykt" til að örva laxagöngur. Sleppingar seiða í laxlausar ár hafa örvað laxagöng og fullvaxinn kynþroska lax hefur veiðst sama ár og sleppingar hafa verið framkvæmdar (White 1934; Nordeng 1971; Solomon 1973; Björn Jóhannesson 1987b). Rannsóknir á seiðum og fullvöxnum kynþroska laxfiskum hafa einnig sýnt að lykt frá fiski af sama stofni hefur meira aðdráttarafl en lykt frá öðrum stofnum (Selset og Döving 1980; Stabell 1982, 1987; Olsén 1986).

3.5.2 STRANDVÖTN.

Hér á landi er fjöldi lagskiptra strandvatna (sjá kafla 2.2). Slík vötn eru talin henta mjög vel sem aðstaða til hafbeitar (Björn Jóhannesson 1987a).

Í vötnunum er yfirleitt mjög auðvelt að koma fyrir flotkvíum og er því þannig hægt að koma fyrir sleppiaðstöðu á ódýran hátt. Í strandvötnum er einnig sjóblanda sem hindrar að gönguseiðin fari úr göngubúningnum fljótlega eftir sólstöður þegar dag styttnir (Lundqvist og Fridberg 1982; Eriksson 1984). Með því að hafa seiðin í sjóblöndu er hægt að draga sleppingar langt fram á sumar. Slík aðstaða getur komið sér vel, t.d. á köldum sumrum á Norðurlandi þegar vatn er kalt í ám og sjó fram eftir sumri. Á Norðurlandi hafa laxagöngur verið minni ef kalt hefur verið þegar seiðin gengu til sjávar (Scarnecchia 1984). Vegna gróðurhúsaáhrifa í lagskiptum strandvötnum hitnar sjávarblandan mun meira

en nálægar ár eða sjórinn fyrir utan og eru því meiri líkur á að hún tryggi nægan hita til að seiðin fari í göngubúninginn. Í lagskiptum strandvötnum er því hægt að sleppa gönguseiðunum þegar líða tekur á sumarið og sjórinn hefur hitnað.

3.5.3 FIRÐIR.

Sjávarsleppingar hafa gefið betri heildarheimtur en sleppingar í ósa eða ár (Carlin 1955; Eriksson og fl., 1981; Eriksson og Eriksson 1985; Hansen 1987). Með heildarheimtum er hér átt við veiði í sjó, ós og á. Ástæðan fyrir því að sjávarsleppingar hafa gefið betri endurheimtur en sleppingar í ósa og ár er talin sú að minna er um afræningja þegar seiðunum er sleppt í sjó (Hvidsten og Mökkelgjerd 1987). Ef slíkar sleppingar eru framkvæmdar hér á landi þarf að veiða laxinn í sjónum þar sem hann gengur treglega og seint í nálægar ár (Carlin 1955; Larsson 1977; Eriksson og fl., 1981). Vegna hættu á að lax frá öðrum hafbeitarstöðvum eða úr laxveiðiám veiðist þurfa hafbeitarstöðvar sem taka sinn fisk í sjó að vera staðsettar utan við þau svæði sem annar lax gengur um.


Hér á landi mætti sleppa seiðum í þröngum vikum eða fjörðum sem tiltölulega auðvelt er að loka og hægt að koma því við að veiða fiskinn fyrir utan sleppistaðinn. Seiðunum mætti halda í flotkví í botni vikurinnar eða fjarðarins og sleppa þeim þegar hentaði. Hægt er að geyma seiðin langt fram á sumar í flotkvíunum, fóðra þau, og sleppa þeim síðan sem stórseiðum seinni hluta sumars eða á haustin án þess að seiðin fari úr gönguseiðabúningnum eins og þau gera ef þeim er haldið í fersku vatni. Reynslan verður að skera úr um árangur sleppinga seinni hluta sumars hér við land. Í Eystrasalti hefur náðst góður árangur með sjávarsleppingum seinni hluta sumars (Eriksson og Eriksson 1985), en árangur í Noregi hefur verið mun verri (Hansen og Jonsson 1985).

4.0 SJÁVARSKILYRÐI VIÐ ÍSLAND.

4.1 STRAUMAR OG SJÁVARHITI.

Yfirborðshafstraumar við Ísland eru sýndir á mynd 1. Þar sést að grein úr Atlantshafsstraumnum, sem nefnist Irmingerstraumur, kemur upp að suðurströnd landsins, beygir síðan vestur

með landinu og norður með Vesturlandi. Meginhluti straumsins sveigir þá til vesturs, en lítil grein úr honum heldur fyrir Horn og áfram austur með Norðurlandi.




Mynd 1. Yfirborðshafstraumar við Ísland. Dökkku örvarnar tákna hlýja en þær ljósu kalda hafstrauma. Litlu örvarnar sýna strandstrauminn sem knúinn er af ferskvatnsrennsli af landinu. Heila línan sýnir hitaskilin við Austfirði (Björn Björnsson 1987).

Á hafsvæðinu norður og vestur af Vestfjörðum mætir hinn hlýi Atlantshafssjóir Austur-Grænlandsstraumnum, sem er kaldur hafstraumur er fellur suður með austurströnd Grænlands.

Austur Íslandsstraumurinn, sem fellur austur með Norðurlandi, er að nokkru leyti myndaður úr kaldri straumkvísl sem fellur úr norðri austan við hinn eiginlega Austur-Grænlandsstraum en meginhluti hans myndast þó við blöndun og kólnun á hlýjum Atlantshafssjó úti fyrir Vestfjörðum. Fylgir straumurinn landgrunnsbrúninni austur með Norðurlandi og suður með Austfjörðum. Á grunnslóð við Ísland er meginstraumstefnan réttsælis umhverfis landið.

Á mynd 2 er sýndur sjávarhiti á siglingaleiðum kringum landið fyrir hvern mánuð og ársmeðaltal fyrir hvern stað.



Mynd 2. Sjávarhiti á siglingaleið. Meðalhiti mælistaða A til W á tímabilinu 1949-1966 (Unnsteinn Stefánsson 1969).

Upp með suðurströnd Íslands kemur heitur Golfstraumurinn sem

gerir það að verkum að meðalsjávarhiti á ári er þar hæstur yfir landið, eða frá 7-8⁰C. Meginhluti Golfstraumsins beygir síðan til vesturs, og er meðalsjávarhiti á ári á siglinga leiðum úti í fyrir Vesturlandi um 5,5-7,5⁰C. Á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi fer að gæta meira kaldra strauma og er meðalsjávarhiti úti fyrir þessum landshlutum 4-5⁰C.

Ef einstaka mánuður er tekinn, t.d. júní mánuður þegar gönguseiði ganga aðallega til sjávar, þá er meðalhitastigið 8-9⁰C á Suður- og Vesturlandi. Á Vestfjörðum og Norðurlandi er meðalhiti í júní frá 5,5-7,5⁰C, á Norðausturlandi 4,5-5,5⁰C og á Austfjörðum aðeins 4⁰C. Þar sem hitastig á Austfjörðum er mjög lágt má gera ráð fyrir að lítil seiði lendi í erfiðleikum með vatnsbúskapinn. Tilraunir hjá Líffræðistofnun Háskóla Íslands sýna að eldisseiði sem þola vel fullsaltan sjó við 10⁰C eiga í miklum vandræðum með vatnsbúskapinn við 5⁰C (Logi Jónsson, munnlegar upplýsingar).

Sveiflur í hitastigi sjávar eru mun meiri við Norðurland en á Suður- og Vesturland, sem stafar af árstíðabundnum sveiflum í rennsli næringaríks Atlantshafssjávar norður fyrir land. Eftir hafísvetur liggur seltulítill íshafssjór út fyrir Norðurlandi og myndar eðlislétt yfirborðslag sem hindrar alla eðlilega endurnýjun á næringarsöltum með uppstreymi næringaríks djúpsjávar. Takmarkað magn af næringarsöltum við slík skilyrði veldur því að plöntusvifframleiðslan er í lágmarki þessi ár (Unnsteinn Stefánsson 1981).

4.2 FÆÐUFRAMBOÐ.

Þegar gönguseiðum er sleppt í sjó þarf að vera fæða af rétttri stærð, í nægilegu magni og fæðudýrin þurfa að vera í efstu lögum sjávar (Thorpe 1980). Taka þarf tillit til magns slíkra fæðudýra þegar valin er aðstaða til hafbeitar. Þekking okkar er varðar fæðuframboð í fjörðum og við strönd landsins er mjög takmörkuð. Einnig er lítið vitað um fæðu gönguseiða fyrstu dagana og vikurnar í sjó (Valdimar Gunnarsson 1985). Því er ekki hægt að velja sleppistað út frá fæðuframboði í sjónum nema að takmörkuðu leyti.

Rannsóknir hafa sýnt að sveiflur í fæðuframboði eru mjög mismunandi eftir landshlutum. Í sjónum úti fyrir Norðurlandi geta

verið miklar sveiflur í fæðuframboði. Þessar sveiflur orsakast af umhverfisbreytingum í sjónum sem valda skorti á næringarefnum í yfirborði sjávar fyrir plöntusvifið. Framleiðsla á plöntu- og dýrasvifi í slíkum árum er því í algeru lágmarki. Óhagstæð umhverfisskilyrði fyrir Norðurlandi hafa einnig valdið því að loðnuklak hefur nær misheppnast einstök ár (Svend-Aage Malmberg, 1979; Ólafur Ástþórsson og fl., 1983; Scarnecchia, 1984).

5.0 LAXVEIÐI OG SVEIFLUR Í VEIÐI.


Fjöldi stangveiddra laxa hér á landi hefur verið að meðaltali um 39 þús. síðustu 10 árin (1976-86) og netaveiðin hefur verið um 19 þúsund laxar, samtals um 48 þúsund laxar að meðaltali (Guðni Guðbergsson og Einar Hannesson 1987).

Á mynd 3 eru einnig sýndar sveiflur í laxveiði eftir landshlutum og í viðauka 1 er að finna sveiflur í laxveiði fyrir hverja á. Sveiflur í hverri á eru meiri en meðaltal fyrir landsfjórðunginn þar sem árnar sveiflast ekki í takt.

Á Vesturlandi eru minnstar sveiflur í laxveiðinni og er breytileikastuðull (coefficient of variation) 19,2% sem er reiknaður sem hlutfall staðalfráviks af meðaltali, og mestar sveiflur eru á Norðurlandi eystra og Austurlandi, 54,1% (Guðni Guðbergsson 1988b). Minnstu sveiflurnar eru í ám með stöðuvötnum eins og t.d. Elliðaánum, og Haukadalsá á Vesturlandi og Laxá í Aðaldal á Norðurlandi eystra. Sýnt hefur verið fram á að miklar sveiflur í laxveiði á Norður- og Austurlandi miðað við Vesturland tengjast breytilegum umhverfisaðstæðum í sjó úti fyrir þessum landshlutum (Scarnecchia 1984).

6.0 ÁRANGUR HAFBEITAR.

Endurheimtur hjá hafbeitarstöðvum hafa að meðaltali verið 6-7% síðustu þrjú árin. Yfirlit yfir endurheimtur allra hafbeitarstöðva frá því hafbeit byrjaði hér á landi er að finna í skýrslu eftir Valdimar Gunnarsson (1987). Yfirlit yfir árangur hafbeitar í hverjum landshluta og staðsetningu stöðva þar sem hafbeit hefur verið reynd er sýnt á mynd 4. Heildarendurheimtur fyrir hvern landsfjórðung eru lágmarkstölur þar sem í mörgum tilvikum hefur verið um hreina tilraunastarfsemi að ræða.



Mynd 3. Meðalbreytileikastuðull stangveiddra laxa á árunum 1974-86, reiknaður fyrir hvern landshluta. Þar á þar sem vitað er um sveiflur í veiði aðrar en náttúrulegar, eru ekki teknar með (Guðni Guðbergsson 1988b).


6.1 VESTURLAND.

Á Vesturlandi hefur hafbeit verið á eftirtöldum stöðum:

1. Eldi h/f.
2. Fiskeldi Grindavíkur h/f.
3. Silfurgren, Kalmarstjörn á Reykjanesi.
4. Sjóeldi h/f, Höfnum á Reykjanesi.
5. Vogalax h/f.
6. Pólarlax h/f.
7. Laxeldisstöð ríkisins í Kollafirði.
8. Hafnarlax í Hafnará við Hafnarfjall.
9. Látravík h/f í Lárósi á Snæfellsnesi.
10. Hafbeitarstöðin Kirkjufell, Kirkjufellsá í Grundarfirði.
11. Silfurlax h/f í Hraunfirði.
12. Smári h/f í Svínafellsá.
13. Dalalax h/f í Staðarhóls- og Hvolsá.
14. Hafbeitarstöðin að Kleifum, Kleifará, Gilsfirði.

Af þessum 14 hafbeitarstöðvum hófu fjórar hafbeit á síðasta ári. Á árunum 1981-86 var sleppt 1.277 þúsund gönguseiðum og skilaði sér að meðaltali 6,1%. Bestu endurheimtur á tímabilinu

voru hjá Vogalaxi h/f, rúmlega 9,0%, og hjá Laxeldisstöð ríkisins og Látravík h/f um 7,0%. Á töflu 2 er sýndur fjöldi slepptra seiða og endurheimtur hjá hafbeitarstöðvum á Vesturlandi. Hæstu endurheimtur eru úr sleppingu árið 1986, tæp 9%. Sveiflur í endurheimtum á milli ára hafa verið miklar á þessum áratug eins og fyrir 1980 (Árni Ísaksson 1987b). Á árunum 1963-80 var sleppt 636 þúsund seiðum frá Laxeldisstöð ríkisins í Kollafirði og voru heimtur að meðaltali 4,9%.



- Sleppt yfir 10000 gönguseiðum
- Sleppt undir 10000 gönguseiðum
- Hafbeitarstöð hætt starfsemi

Mynd 4. Meðalheimtur hafbeitarstöðva í hverjum landshluta og staðsetning hafbeitarstöðva.

Tafla 2. Fjöldi slepptra seiða og endurheimtur árið eftir hjá hafbeitarstöðvum á Vesturlandi á árunum 1981-86.

Ár	Sleppt	Endurheimtur Fjöldi	%
1981	109.370	5.934	5,4
1982	217.193	10.838	5,0
1983	208.559	6.407	3,1
1984	253.902	18.352	7,2
1985	342.300	22.912	6,7
1986	145.900	12.914	8,9

6.2 VESTFIRÐIR.

Á Vestfjörðum hefur hafbeit verið hjá eftirfarandi stöðvum:

15. Silfursíli I
16. Hafbeitarstöð í botni Patreksfjarðar,
17. Hafbeitarstöðinni Botni í Súgandafirði,
18. Hafbeitarstöðinni Djúplax í Reykjafirði í Ísafjarðardjúpi.
19. Íslax h/f í Hafnardsá í Ísafjarðardjúpi.
20. Blæxax h/f í Blævadalsá í Ísafjarðardjúpi.

Á þrettán árum, eða frá 1972-85, hefur verið sleppt um 68.000 seiðum frá þessum sex hafbeitarstöðvum. Meðalendurheimtur hafa verið um 2,2% og bestar heimtur hafa verið hjá Hafbeitarstöðinni Botni, en þar var sleppt um 33.000 gönguseiðum á tímabilinu og skilaði sér að meðaltali 3,3%.

6.3 NORÐURLAND.

Á Norðurlandi hefur hafbeit verið hjá eftirfarandi stöðvum:

21. Fljót h/f í Sandósi, Flókadalsá.
22. Fljótalax h/f, við Reykjahól í Fljótum.
23. Óslax h/f í Ólafsfjarðarvatni.
24. ISNO h/f í Lóni í Keldukerfi.

Á tímabilinu 1978-85 var 238 þúsund gönguseiðum sleppt. Meðalendurheimtur frá þessum sleppingum voru um 2,3%. Bestu heimtur voru hjá ISNO h/f um 4,2% og slepptu þeir um 82 þúsund gönguseiðum á tímabilinu.

6.4 AUSTURLAND.

Á Austurlandi er ein hafbeitarstöð, Fiskhaldsstöðin Naustin í Eiðisvatni á Langanesi. Þar hefur eingöngu verið sleppt seiðum

í Eiðisvatn. Þær sleppitilraunir á gönguseiðum sem gerðar hafa verið hafa skilað litlum árangri eða að meðaltali innan við 2% endurheimtum (Árni Ísaksson 1981b; Sumarliði Óskarsson 1987).

6.5 SUÐURLAND.

Á Suðurlandi hefur eingöngu verið sleppt gönguseiðum í ár og vötn til að auka fiskgengd og veiðar á stöng. Hafbeit sem miðast við að veiða endurheimtan lax í gildru eða net hefur ekki verið reynd á Suðurlandi, nema hvað lítilsháttar tilraunir hafa hafist að Hrauni í Ölfusi með sleppingu 1.000 gönguseiða árið 1987.

7.0 NÍÐURSTÖÐUR.

7.1 VESTURLAND.

Á Vesturlandi hafa endurheimtur hjá hafbeitarstöðvum verið hæstar yfir landið. Meðalendurheimtur fyrir árin 1981 til 1986 eru 6,1%. Endurheimtur eru hæstar frá sleppingu árið 1986, tæp 9%. Á Vesturlandi eru náttúrulegar sveiflur í laxveiði litlar, sem bendir til stöðugleika í umhverfispáttum. Vesturlandið virðist því bjóða upp á að jafnaði bestu aðstæður til hafbeitar hér við land.

